

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 4. maí 2011 kl. 14:00 í Aðalbyggingu HÍ

Mætt voru: Auður Hauksdóttir, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Benedikt Hjartarson, Irma Erlingsdóttir (kom undir lið 2b), Höskuldur Þráinsson, Sigrún Sigurðardóttir, Róbert H. Haraldsson, Vilhjálmur Árnason, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Fulltrúar sagnfræðistofnunar mætti ekki. Fulltrúar Guðfræðistofnunar og RIKK boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Ráðning sérfræðinga við rannsóknastofnanir Hugvísindasviðs (Haraldur, Sif og Þórhallur).*
ÁE lagði fram tillögu um ráðningu þriggja sérfræðinga við stofnanir sviðsins, þeirra Haraldar Bernharðssonar, Sifjar Rikharðsdóttur og Þórhalls Eypórssonar. Tillögunum fylgdu greinargerðir um fjárhagslegar forsendur ráðninganna, mat á hæfi sérfræðinganna og áætlanir um birtingar og öflun rannsóknastiga fyrir sviðið. Laun sérfræðinganna eru sett saman af greiðslum vegna kennslu, rannsóknastyrkja sem þeir hafa aflað og launa vegna stjórnunarstarfa við sviðið. Samþykkt var að veita Sif styrk til fjögurra mánaða launa úr Rannsóknasjóði á þeirri forsendu að styrkurinn skilar sér aftur í formi mótframlaga vegna útgáfu bókar sem kemur út 2011 eða 2012.

Tillaga um að ráða Harald Bernharðsson í 18 mánuði við Miðaldastofu var samþykkt samhljóða.

Tillaga um að ráða Sif Rikharðsdóttur í 12 mánuði við Bókmennta- og listfræðastofnun var samþykkt samhljóða.

Tillaga um að ráða Þórhall Eypórsson í 9 mánuði við Málvísindastofnun samþykkt samhljóða.

2. *Endurskoðun á Rannsóknasjóði og Stuðningssjóði.*

MG kynnti drög að reglum um mótframlagastyrki og vinnulagi við úthlutun þeirra.

ESS kynnti tillögu að breytingum á reglum Rannsóknasjóðs, þar sem liður 5 fellur niður og nýtt styrkjaform verður tekið upp – styrkir til að þróa styrkumsóknir í stærri sjóði.

Tillögurnar einróma samþykktar (með breytingum á liðum 5 og 10 í reglum um mótframlagastyrki).

3. *Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.*

MG gerði grein fyrir tillögu að úthlutun.

Tillaga að úthlutun samþykkt einróma.

4. *Miðlunarsetur (ný rannsóknastofa).*

ÁE bar upp til samþykktar drög að reglum fyrir Miðlunarseturs, þverfaglegrar rannsóknastofu á sviði miðlunar sem mun heyra beint undir Hugvísindastofnun.

Tillagan samþykkt.

5. *Ársfundur Hugvísindastofnunar.*

ÁE sagði frá því að stefnt væri að því að halda ársfund Hugvísindastofnunar samhliða sviðsþingi 1. júní nk.

6. *Önnur mál.*

ÁE sagði frá ýmsum hræringum í tengslum við húsnæðismál sviðsins og að það væri mikilvægt að sviðið hefði stefnu um hvernig það sæi húsnæðismálum sínum háttað á næstu árum, þegar nýtt húsnæði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Hús íslenskra fræða verða byggð.

AH sagði frá því að nú væri búið að skipa byggingarnefnd fyrir hús SVF, að UNESCO umsóknin færir fyrir stjórn UNESCO á næstu dögum og síðan fyrir aðalfund stofnunarinnar í haust. Hún sagði líka frá stórrí alþjóðlegri ráðstefnu um rannsóknir á norrænum málum sem öðru erlendu máli sem verður haldin í lok maí.

Fundi slitið kl. 16:00.